

Reglugjörð

fyrir Vestur-Húnavatnassýslu um fjallskil o. fl.

I. kafli.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 43, 10. nóvbr. 1905, um sveitarstjórn, hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

2. gr.

Hreppsnefndir geta, hver í sínum hreppi, gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum. Þó má eigi þar með raska reglugjörð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sje í öllu eftir ákvæðum hennar.

II. kafli.

Um smölun og fjárgæslu á vorum.

3. gr.

Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Þar sem heimalönd eru viðáttumikil hálsa- og fjallalönd, er búast má við, að margir úr upprekstrarfjelaginu eigi fjárvon í, mega hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar og aðrir, sem þar eiga fjárvon, hjálpi til við smölunina, eftir því sem hreppsnefndum þykir sanngjarnt vera.

4. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til, að skipa fyrir um smölun geldfjár á vorum til rúnings, þegar hentugast þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara fram á afrjettum. Hið sama gildir að því er snertir smölun til fráfærna.

5. gr.

Þegar alment er hætt að hýsa fje á vorum, hefir hreppsnefndin vald til, svo fje manna sleppi ekki í ullu til afrjettar, að skipa vörð fyrir framan bygðir

á hentugum stöðum, fram að rúningstíma á geldfje. Skal vörðurinn haldinn á **132**
 kostnað fjáreigenda þeirra í upprekstrarfjelaginu, sem blutaðeigandi hreppsnefnd 11. nóv.
 eða hreppsnefndir álíta, að not hafi varðarins. Nú nota tveir hreppar sömu af-
 rjett, en önnur hreppsnefndin vill ekki taka tiltölulegan þátt í varðkostnaðinum,
 hefir þá sú hreppsnefndin, sem sett hefir vörðinn, vald til að selja eigendum í
 hinum hreppnum alt það fje, er kemur af varðstöðvunum, þegar því er smalað
 eftir ákvörðun hreppsnefndar, ofan til 3. eða fleiri, ef svo til hagar, af fremstu
 bæjum í upprekstrarfjelaginu. Hið sama gildir um fje innanhreppsmanna, sem
 eigi taka þátt í varðkostnaðinum, nema varðstöðvarlandið eigi.

Gjald þetta má aldrei yfirstíga 50 aura fyrir hverja kind.

Hið sama gildir um vorgöngu á afrjetti, þar sem tveir hreppar eru í
 upprekstrarfjelagi.

6. gr.

Sje það geldfje eða lambær, sem sloppið hefir úr löndum eiganda, eða
 kemur fyrir fjarri eigendum, þegar rúning er afstaðin, er finnandi skyldur að
 hirða, ef honum er auðið; skal hann rýja geldfje og ær, þegar tími er til þess
 kominn. Sömuleiðis skal hann marka ómörkuð lömb. Gerir hann eiganda full
 skil á ullinni, og grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind,
 sem hann rýr eða markar, en fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, sem eigi má
 þó yfirstíga 20 aura fyrir að rýja hverja kind, en 10 aura fyrir að marka lamb.

III. kafli.

Um rekstur til afrjetta.

7. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að stóðhross, dilkær og geldfje, þegar það er
 komið úr ullu, sje rekið til afrjetta svo tímanlega að vorinu, sem árferði og
 önnur atvik leyfa. Áður en fráærnalömb eru rekin á fjall, skal sitja þau heima
 eigi skemur en 3 sólarhringa; þó má hreppsnefnd eftir atvikum veita undanþágu
 frá reglu þessari, ef nefndarmenn allir verða á eitt sáttir. Reka skal á miðjan
 afrjett, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið. Sjeu viðlend heimalönd notuð
 til upprekstrar, skal reka þangað, sem búsmali sist gengur, og með leyfi land-
 eiganda.

Með samþykki sýslunefndar geta hreppsnefndir sett ítarlegri reglur um,
 hvernig haga skal rekstrum á afrjettarlöndin.

8. gr.

Hreppsnefnd skal annast um, að lömb og dilkær, hross og geldfje sje

- 132** rekið á afrjett frá fleiri en einum bæ í samlögum, er nefndin þá flokkar niður, 11. nóv. og skal hún þá jafnan fela einum af afrekstrarmönnum hvers flokks, að hafa umsjón og ábyrgð á því, að hið rekna fje og hross sje rekið eftir ákvæðum 7. greinar. Reka skal þannig gegnum heimalönd manna, að sem minstur bagi verði að. Skal gæta þess sjerstaklega að málnytupeningur manna fari eigi saman við. Enginn má reka stóðhross á afrjett fyr en hreppsnefnd hefir ákveðið.

9. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fjenað sinn, sem á afrjett á að fara, í annars land til beitar um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjall-land eða afrjettarland, greiði skaðabætur til landráðanda eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er landráðandi á heima í. Mati þessu má skjóta til hlutaðeigandi sýslunefndar.

10. gr.

Enginn má hafa stóðhross, geldfje eða dilkær í heimahögum að sumrinu, nema hreppsnefnd og nágranni leyfi; en neiti nágranni um leyfið, skal eigandi ábyrgjast, að fjenaður geri honum engan skaða.

Nú eru stóðhross eigi rekin til afrjetta eftir skipun hreppsnefndar, má hún þá láta reka þau á kostnað eiganda. Verði einhver fyrir ágangi af stóðhrossum, sem eru í óskilum í heimahögum að sumrinu, annaðhvort af því, að þau hafa alls ekki verið rekin til afrjetta, eða þá fyr en hreppsnefnd hefir ákveðið, má taka þau í gæslu og gera eigendum aðvart innan tveggja sólarhringa um, að leysa þau út gegn gæslukaupi, 10 auro fyrir hvert hross um sólarhringinn, auk ómakslauna fyrir tilkynninguna, sem borgist um leið og hrossanna er vitjað.

Vitji eigendur ekki hrossa sinna innan þriggja sólarhringa frá því þeir fengu tilkynninguna, er geymenda heimilt að reka þau til þeirra á kostnað þeirra. Skal hreppsnefnd þess hrepps, þar sem geymandi á heima, meta og ákveða kostnað þenna sem og borgun fyrir tilkynninguna.

11. gr.

Ef stóðhross eða sauðfje gengur úr afrjett á sumrum, skal sá, er fyrir ágangi verður, gera hreppsnefndaroddvita aðvart um það, og skipar hann þá fyrir um rekstur þess til afrjetta. Enginn má reka fjenað þann, er úr afrjett gengur, til sveitar eða á nágranna. Kostnaður við rekstra þessa, að því er sauðfjenað snertir, greiðist úr hlutaðeigandi fjallskilasjóði upprekstrarfjelagsins tiltölulega við það, sem hver hreppur leggur til gangna (sbr. 15. gr.). Ef fleiri upprekstrarfjelög eiga upprekstrarland í sameiningu, skal kostnaðurinn við rekstra þessa borgast úr hlutaðeigandi fjallskilasjóði, eftir tölu sauðfjár þess, sem á af-rjettarlandið er rekið, þó hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir heimild til að gera um þetta sjerstaka samninga.

Nú þykir hreppsnefnd eða hreppsnefndum eins upprekstrarfjelags ástæða til að losa fjallskilasjóð við kostnað af rekstrum stóðhrossa á sumrum til afrjetta, skal þá hreppsnefnd eða hreppsnefndir hafa vald til að jafna honum niður á stóðhrossaeigendur eftir tölu stóðhrossa, sem að vorinu eru rekin á afrjett eða fjall-lönd þau, sem liggja innan takmarka upprekstrarfjelagsins, eða skylt er á afrjett að reka. 132
11. nóv.

Niðurföfnun þessi skal gerð eftir staðfestri framtalsskýrslu frá hreppstjóra, en stóðhrossaeigendur skulu skyldir til á vorhreppaskilum að gera hreppstjóra fullnægjandi grein fyrir tölu stóðhrossanna. Undanskilin gjaldi þessu eru stóðhross, sem að sumrinu eru seld á markað. Skylt er eigendum stóðhrossa að gefa hlutaðeigandi hreppsnefndum upp tölu þeirra fyrir 16 vikur af sumri. Ágreiningsatriðum útaf fyrir mælum þessarar greinar skal skjóta til endilegra úrslita sýslunefndar.

12. gr.

Eigi má ónáða fjenað á afrjettum, og eigi heldur, nema með leyfi hreppsnefndar, taka þaðan fje eða hross, nema málnytupeningur sje eða tamin hross.

IV. kafli.

Um fjallskil.

13. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og hver, sem á hross á afrjett, hvort heldur er búandi eða búlaus. Skal hver leggja til fjallskila á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefnd skal meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfjelagsins til peningaverðs og jafna honum niður á alla upprekstrarskylda sauðfjár- og hrossaeigendur upprekstrarfjelagsins. Skal þá jafnt auratal lagt á hvert hross, sem á 3 kindur, en sjeu leigufærar ær látnar ganga með dilkum og rekur á afrjett, skula hverjar tvær þeirra metnar til fjallskila jafnt og 3 kindur. Skyldur er hver húsbóndi að inna fjallskil af hendi fyrir hjú sin og aðra heimamenn gegn endurgjaldi frá fjenaðareiganda.

14. gr.

Skyldur er hver maður að gera fjallskil á þeirri afrjett, og á þau lönd, sem liggja til leitar að lögrjett eða aukarjettum þeim, sem liggja í því upprekstrarfjlagi, sem fjáreigandi á heimili í. Nú notar einhver til uppreksturs aðra afrjett eða heimaland, en þar sem honum ber upprekstur, skal hann þá gera þar fjallskil tiltölulega að hálfu móts við fjallskil annara í því upprekstrarfjlagi. Auk þess skal hann eftir sömu reglu vera fjallskilaskyldur í því upprekstrarfjlagi, þar sem hann er búsettur.

132

11. nív. land, sem öðru upprekstrarfjelagi ber að leita, samkvæmt þessari grein, skal það eða hann gjöra þar full fjallskil eftir fjenaðarfjölda þeim, sem rekinn er á afrjettarlandið samkvæmt sömu reglum og fjenaðareigendur upprekstrarfjellags þess, er leita ber. — Þó hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir heimild til að gjöra um þetta sjerstaka samninga. Sá er notar land utan upprekstrarfjellags síns, skal hafa tilkynnt það hreppsnefndinni í þeim hreppi þar sem hann á heima, áður 12 vikur eru af sumri. Í tilkynning þessari sje fjenaðurinn greinilega sundurliðaður.

15. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sömu afrjett, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sjer í 17. viku sumars, til að semja um, hvernig fjallgöngum skuli haga. Oddviti í þeim hreppi, þar sem aðalrjett stendur, kveður til þess fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa manna í hreppnum að vorinu staðfesta af hreppstjóra, og fer eftir því, hve marga meðan hver hreppur leggur til í göngurnar.

Meta skal til verðs göngur hvers gangnaflökks. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

16. gr.

Nú eiga nokkrir fjäreigendur að gjöra fjallskil í öðrum hreppi en þeir eru búsettir í, skal þá hreppsnefndin, þar sem þeir eru búsettir, senda hreppsnefnd, er hlut á að máli, skýrslu um fjäreign slíkra manna eftir vorframtali, áður 14 vikur eru af sumri.

17. gr.

Fjallgöngur skulu hvert haust að minsta kosti vera tvennar, þó skal hreppsnefndum í Kirkjuhvamms- og Þverárhreppum heimilt, ef þær koma sjer saman, að láta framfara aðeins einar fjallgöngur.

Jafnframt afrjettum skal í fyrri og seinni göngum smala til rjettar afskekt og viðlend heimalönd, er afrjettarpeningur gengur í að jafnaði.

Gangnadagana er stranglega bannaður allur heimrekstur afrjettarfjenaðar á einstaka bæi.

Leiki grunur á, að fje hafi orðið eftir á afrjettum, hefir hreppsnefndin vald til að skipa 3 göngur og ráða menn í þær gegn endurgjaldi af sveitar-sjóðnum.

Þar sem tveir hreppar eiga upprekstrarland saman, skal hreppsnefndin í þeim hreppi, er nær liggur afrjettinni, annast um göngur þessar, gegn endurgjaldi af fjallskilasjóði upprekstrarfjellagsins. Ennfremur hafa hreppsnefndir vald til að láta gera eftirleitir á afrjettarlöndum, viðlendum heimalöndum og fjall-

löndum og skulu þær koma sjer saman um það við síðari eða síðustu rjett, eða **132** á hausthreppaskilum, og má borga þær af hlutaðeigandi fjallskilasjóði upprekstrar- 11. nóv. fjelagsins.

18. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði með fjallskil skal hreppsnefnd jafna niður á fjenaðareigendur í tæka tíð. Aðfinningar við niðurjöfnunina skal bera upp brjeflega fyrir oddvita hreppsnefndarinnar fyrir 20. október, og fer um þær eftir því sem fyrir er mælt um útsvarskætur í 39. og 40. gr. laga nr. 43 frá 10. nóvbr. 1905.

19. gr.

Hreppsnefnd eða kjörinn maður úr nefndinni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsbúa með gangnaboði til fjallskila, nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Í gangnaboðinu skal nákvæmlega taka það fram, er hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til, skal hann borga þau eftir mati hreppsnefndar. Auk þess varðar það sektum, er hækka, ef brotið er itrekað. Ekkert má fyrirskipa í gangnaboðinu, er getur komið í bága við fulltryggjandi fjárskil eða ákveðin rjettarhöld innan sýslu.

20. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir hlutaðeigandi upprekstrarfjelags skipa einn duglegan aðalgangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnaforinginn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um, að fjársöfnin sjeu rekin með reglu til rjettar, og kveðja menn til að gæta safnsins, uns vöktunarmenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnaforingja sínum. Öll óhlýðni við skipanir hans varðar sektum.

21. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum en einum, hefir þá hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til gangna þann sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, er útheimtist til góðra fjallskila. Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnaforingi sannar með vottorðum tveggja gangnamanna, að hafi reynst óhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, er hann skyldur að borga gangnaskilin að öllu leyti.

Borgun fyrir vanrækslu í fjallskilum má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella falli hún í fjallskilasjóð upprekstrarfjelagsins.

Reynist einhver óhæfur eða ófullnægjandi sem gangnamaður, skal gangnastjóri skyldur að kæra það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd. Launa má gangnastjóra sanngjarnlega af fjallskilasjóði upprekstrarfjelagsins, en vanræki hann skyldur sínar, varðar það hann sektum.

132

22. gr.

11. nóv.

Ef fjáreigandi hefir engan hæfan mann til gangna og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra 6 dögum áður en fjallgöngur byrja, og borgar þá fjáreigandi göngurnar sektalaust, en hreppsnefnd eða fjallskilastjóri annast um að útvega mann í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, sem vantar.

Ef krafist er, skal fjáreiganda skylt að borga sanngjarnlega ómök og fyrirhöfn hreppsnefndar eða fjallskilastjóra.

23. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að koma upp hentugu skýli fyrir gangnamenn á afrjettum, þar sem þess er þörf, og skal kostnaður sá, er af þessu leiðir, greiðast af fjallskilasjóði upprekstrarfjelagsins.

V. kafli.

Um hreinsun heimalanda og fjárgæslu á haustum.

24. gr.

Hver bóandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustum svo oft sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur, og gilda um það fyrirmæli 3. greinar.

25. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa fyrir um reglulegar heimalands göngur jafnframt hverjum fjallgöngum. Skulu göngur þessar fara fram undir umsjón manns, er hreppsnefnd skipar, með samlögum búanda eftir því, sem best hagar á hverjum stað, og með samtökum við næstu sveitir, þar sem það á við.

Allan fjenað, er kemur fyrir, skal reka skilvislega til rjettar þeirrar er hann á að ganga til. Verði ágreiningur um, hvert fjenaður skuli ganga, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

26. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir rjettir á haustum sjeu öll heimalönd rækilega smöluð sama dag viku, og að rekstrar gangi þá eftir töfludrætti bæ frá bæ, nema hreppsnefnd áltí annað haganlegt.

27. gr.

Á haustum eftir rjettir, þangað til fje alment er tekið til hýsingar, hafa hreppsnefndir vald til að skipa samskonar verði, sem nefndir eru í 5. grein, og gilda um verði þessa sömu ákvæði sem um vorverðina.

VI. kafli.

132

11. nív.

Um fjárrekstra bæja á milli haust og vor.

28. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða fje það, er finst í heimalandi hans eftir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefndir hafa vald til að ákveða rekstrarleiðir innan hrepps og út úr hreppnum. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum. Hið sama gildir um fjárrekstur að vorinu.

29. gr.

Et enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fje það, er eftir á að verða, en reki svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir álit hreppsnefndar.

VII. kafli.

Um rjettir og rjettahöld.

30. gr.

Eftir tillögum hreppsnefnda ákveður sýslunefnd, hvar aðalrjett og aukarjett skal vera, sömuleiðis undir hverja aðalrjett hver aukarjett heyrir, og enn fremur hverja afrjett og heimalönd ganga skal til hverrar rjettar, og ráða sýslutakmörk, nema öðruvísi sje ákveðið.

31. gr.

Allir búendur eru skyldir til, hver að sínum hluta, að vinna að byggingu rjetta og viðhaldi þeirra, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Við hverja aðalrjett skulu allar jarðir í upprekstrarfjelaginu eiga nægilegt dilksrúm hver fyrir sig, eða fleiri í samlögum; eru ábúendur jarðanna skyldir að kosta byggingu dilkanna og viðhald þeirra eftir rjetttri tiltölu. Ennfremur skulu vera sjerstakir dилkar, einn eða fleiri, fyrir fje úr öðrum hreppum, er hlutaðeigandi hreppar byggi og viðhaldi á sinn kostnað.

Þar sem hlutaðeigandi hreppsnefndum þykir við þurfa, skal upprekstrarfjelagið eiga við hverja aðalfjarrjett sjerstaka hrossarjett, er byggð sje og viðhaldið eins og fjárrjettin á kostnað þess.

32. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að rjettir sjeu vandlega bygðar og vel við haldið, einnig að allir dilkar við þær sjeu í gildu standi kveldið áður en rjettað er. Vanræki einhver að vinna að rjettar- eða dilksbyggingu, má hreppsnefnd útvega mann til þess á kostnað hans.

33. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglegan rjettarstjóra við hverja aðalrjett og aukarjett, og má greiða honum þóknun fyrir starfa sinn af fjallskilasjóði. Rjettarstjóri skal vera kominn til rjettar í tæka tíð hvern rjettardag. Skipar hann fyrir hvernig fjárdrætti skal haga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega alla óreglu, er veldur hindrun við rjettarstörf. Sýni nokkur í rjettni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum.

34. gr.

Rjettarstjóri skal skipa áreiðanlega menn til að rannsaka fje utansveitarmanna, áður en það er rekið frá rjettinni. Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal við hvert dilksfjelag skipa dilksstjóra, til að vera rjettarstjóra til aðstoðar við rjettarstörf. Enginn má hleypa út úr dilk fyr en rjettarstjóri leyfir, enda sje þá alt fje komið í rjett og fjárdrætti því nær lokið.

35. gr.

Rjettarstjóri annast um, að ómörkuð lömb sjeu hirt í rjettinni og dregin í dilk sjer, svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sjer þau. Að afloknum rjettum selur hreppstjóri alla ómerkinga, er eigi hafa fundið mæður. Við aukarjett má engan ómerking selja. Enginn má helga sjer marklausa kind af fjárbragði sínu. Rjettarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskráðum í fyrstu sem síðari rjettum, og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa, fyr en lokið er. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fje þeirra verði eigi eftir í úrtíningi. Þegar búið er að skoða úrtíning í fyrstu rjett, skal fjallskilastjóri í þeim hreppi, þar sem aðalrjett stendur, koma honum í gæslu milli rjetta gegn borgun af fjallskilasjóði.

36. gr.

Frá hverri aukarjett skulu tilkvaddir menn reka úrtíning tafarlaust til aðalrjettar, svo að hann sje þangað kominn, áður fjárdrætti er lokið.

37. gr.

Í fjárrjettinni má enginn afmarka fje án þess hann jafnframt skýri fyrir hreppstjóra eða rjettarstjóra hverja heimild hann hafi til afmörkunarinnar. Hreppstjóri eða rjettarstjóri skal samstundis rita hjá sjer nafn hins fyrra eiganda kindarinnar, ef hann er ekki nærstaddur, og mark hennar áður en því var breytt, og undir hvers mark hún er mörkuð.

VIII. kafli.

132

11. nóv.

Um hirðing fjár og hrossa í utanhrepps-rjettum.

38. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn til að fara í rjettir, á hreppaskil og að vera við úrtíningssölu annara sveita, þar sem helst eru fjársamgöngur, til að hirða þar fje og hross hreppsþúa sinna. Hafi sá sem gjört er að skyldu að leggja til tjeðra starfa, engan hæfan mann til að inna þau af hendi, hefir hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hæfastur er í hreppnum, annaðhvort í mannaskiftum, eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er tillaginu á að svara. Reynist sá, sem sendur er að hirða fjenað utanhrepps, ónýtur eða ófullkominn til þess starfa, gilda um hann ákvæði 21. gr. um ófullkominn gangnamann.

39. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fje í rjettum eða á hreppaskilum annara sveita, má eigi fara þaðan, fyr en búið er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá og selja, þar sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti þar verða eftir fje eða hross sveitunga sinna, sem er með glöggu skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur sjeu.

IX. kafli.

Um smölun, rjettun og hirðingu hrossa.

40. gr.

Í síðari göngum á haustum skal ásamt fje smala stóðhrossum af afrjettum og úr heimalöndum og rjetta þau í síðari rjett, annaðhvort á undan eða að afloknum fjársundurdrætti. Undanþága veitist frá þessum ákvæðum, ef meiri hluti hreppsnefndar eða hreppsnefnda telur annað hagfeldara, sem þó aldrei má koma í bága við næstliggjandi upprekstrarfjelög. Auk þess skal fara fram almennt smölun á hrossum í heimalöndum fyrsta virkan þriðjudag í mánuðunum nóvember, desember og janúar, en sje sá dagur helgur eða veður banni, skal smala hinn næsta dag og skal þá í hverjum hreppi, á stöðum þeim er hreppsnefnd ákveður, fara fram sundurdráttur á hrossum, er koma fyrir.

Hross þau, sem ekki þekkjast eða enginn hirðir, skal fara með sem óskilafjenað samkvæmt reglugjörð þessari.

132

11. nóv.

41. gr.

Stóðhross skulu dregin sundur í aukarjettum og aðalrjettum; skal úrtíningur sá, er verður í aukarjettum, rekast tafarlaust til aðalrjetta. Hross þau, sem eftir verða óhirt, þegar sundurdrætti er lokið, skal fara með sem óskilafje eftir reglugjörð þessari; þó skulu þau seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti fyrir söludag, og sex vikna innlausnarfresti eftir söludag. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda fyr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverðinu sje einnig sex vikur. Vöktunarkaup fyrir hvert hross má ekki fara fram úr 30 aurum um sólarhringinn. Ákvæði þessarar greinar gilda um hross þau, er koma fyrir eftir seinni rjettir, en vöktunarkaup fyrir þau má ekki fara fram úr 20 aurum, nema hrossin komi á hús og hey.

Á meðan á rjettum stendur, skal rjettarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sjer ómörkuð folöld og skal hann kappkosta að öðru leyti, að haga allri meðferð á hrossunum þannig, að ekki hljótist slys af.

X. kafli.

Um meðferð óskilafjenaðar.

42. gr.

Eftir að lokið er töfludrætti í síðari eða síðustu rjett, skal þar afhenda úrtíning hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem aðalrjett stendur. Hreppstjóri skal þá með tveimur markglöggum og áreiðanlegum mönnum, og hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir hafa þar til kjörið, skrifa upp aldur, lit, mörk og auðkenni á hverri sauðkind, svo rjett og hreinskilið, sem framast má verða, skal hreppstjóri síðan setja óskilafjeð í trygga vöktun gegn vöktunarkaupi, er aldrei má yfirstíga 5 aura um sólarhringinn, til 7. október (eða til næsta dags, ef 7. október er helgur dagur eða veður bannar þann dag), skal sá dagur vera almennur söludagur á öllu óskilafje í sýslunni. Sala óskilafjárins skal ávalt fram fara við aðalrjett eða bæ á jörð þeirri, þar sem aðalrjett stendur, ef mögulegt er; undanþeginn þessu ákvæði er Kirkjuhvammshreppur. Marklýsingamenn skulu fá hæfilega þóknun fyrir starfa sinn af fjallskilasjóði upprekstrarfjelagsins, eftir mati hreppsnefndar. Enginn, sem ekki er öðrum háður, getur skorast undan þeim starfa, nema hann hafi forföll. Nú mætir ekki á sölupingi marklýsingamaður, skal þá hreppstjóri útnefna annan í hans stað.

43. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur; þó skulu hrútar, sem eftir álitu hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og forustufje, selt með fjögurra vikna innlausnarfresti. Um borgunarfrest og ábyrgð gilda sömu ákvæði og í 41. gr.

44. gr.

132

11. nów.

Ef óskilafje og hross koma fyrir af fjalllöndum eða í heimahögum eftir rjettir, skal tafarlaust afhenda það hreppstjóra. Finnist eigendur að slíku fje, í næstu hreppum, eftir markaskrá, skal hreppstjóri hlutast til um, að þeim gefist kostur á að vitja þess. En sá fjenaður, sem eigi þekkist og enginn getur helgað sjer, svo sem kaleyrt fje, eyrnalaust eða marklaust, eða hross með vafamarki, skal seldur við uppboð, er auglýst sje með nægum fyrirvara.

45. gr.

Finnist óskilakind í fje manna, eftir að fje er alment tekið til hýsingar, skal eiganda kindarinnar gjöra aðvart um að vitja hennar, sje hann í næstu hreppum. Verði að selja slíkt óskilafje, borgast ekkert gæslukaup fyrir það, og ber sá, er það finst hjá, sölukostnaðinn, nema málsbætur sjeu.

46. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda manni, sem kosinn er af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllu óskilafje, er selt hefir verið í hreppnum. Hinn kjörni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birtingar í Lögbirtingablaðið í Reykjavík. Í prentunarkostnað og ómakslaun ber honum 40 aurar fyrir hverja kind og hross, er hreppstjóri skal senda honum með marklýsingunni.

47. gr.

Af andvirði óskilafjenaðar þess, er selt verður, borgist:

- a. gæslukaup,
- b. sölulaun,
- c. prentunarkostnaður marklýsinga,
- d. fundarlaun og björgunarlaun.

Að öðru leyti greiðist fjárverðið til eiganda, ef hann innan septemberloka næst á eftir sannar eignarrjett sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð eða sveitarsjóði upprekstrarfjelagsins að rjetttri tiltölu við fjárfjölda.

XI. kafli.

Um eftirleitir einstakra manna.

48. gr.

Pegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið skal einstökum mönnum heimilt með samþykki meiri hluta hreppsnefndar eða hreppsnefnda, þar sem fleiri hreppar eru í upprekstrarfjelagi, að gjöra eftirleitir á afrjettarlöndum upprekstrar-

132 fjelagsins og semja um, hversu mikinn hluta þeir skuli fá af verði hins fundna 11. nóv. fjár, sem þó ekki má yfirstiga helming verðs. Fje það sem finst í eftirleitum skal virða af tveimur skynsömum og óvilhöllum mönnum, er hreppsnefndin útnefnir. Borgun fyrir eftirleitarfje greiðist af fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps, sem eigandi á heimili. Hið sama gildir um fje það, er kemur eftir seinni rjettir úr öðrum sýslum, hvort heldur er eftirleitarfje eða ekki. Finnist hross í eftirleitum þessum, skal hreppsnefnd ákveða sanngjörn fundarlaun eftir atvikum, er greiðast á sama hátt.

Eftirleitarfjeð, sem á heima utan sýslu, skal selt við opinbert uppboð ef nauðsyn er til vegna fjarlægðar, og fær eigandi það sem afgang er fundar- og uppboðslaunanna. Björgunarlaun þess fjár, sem næst úr ógönguklettum, á hvaða tíma árs sem er, ákveðist af hreppsnefndinni og greiðist á sama hátt. Fyrir heiman að sloppið fje, sem finst í eftirleitum, borgi eigendur eftir mati hreppsnefndar.

Skylt er að hver fjáreigandi auðkenni með glöggu marki, er eigi máist af, alt fje sitt á haustum, jafnóðum og það heimtist.

Vanræki fjáreigandi að auðkenna þannig fje sitt, skal hann borga fyrir hverja sína kind, er á afrjettum finst í eftirleitum, sem óheimt væri.

XII. kaflí.

Um fjármörk og hrossamörk.

49. gr.

Fje skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers fjáreiganda að hafa glögt markeinkenni á öllu sínu fje og sýslu- og hrepps Brennimark á öllu hyrndu fje. Sýslunefnd skal svo oft sem þurfa þykir, og að minsta kosti 5. hvert ár, láta prenta markaskrár fyrir alla sýsluna. Skal sjerhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það í prentkostnað, það sem sýslunefndin ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni.

Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber rjett mark manns, er heimildarlaust að draga sjer, þótt litið eitt vanti á fult mark. Ef kind hefir eyrnamark eins manns, en hornamark eða brennimark annars manns, þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða brennimarkið, og skal hann þó, ef eigandi eyrnamarks krefst þess, gjöra grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefir eyrnamark eins manns, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á; þó skal hann, ef eigendur hinna markanna krefjast þess, gjöra grein fyrir, hvernig hann hefir eignast kindina.

Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglögt mark eða mýjетиð, og vill maður þó eigna sjer hana af likum, þá skal hann skýra hlutaðeigandi

hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama og óvilhalla menn, er skulu, ásamt honum sjálfum, skoða kindina og meta líkur þær og ástæður, er hinn hefir til síns máls. Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð, að það sje miklu líklegra að hlutaðeigandi eigi kindina, heldur en að hann eigi hana ekki, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafje. Þessi ákvörðun nær eigi til ómerkinga, er ær helga sjer. Rjett er að forustufje, sem á afrjett gengur, hafi til auðkennis bjöllu eða bjöllumkeng í horni. 11. nóv.

Hross skulu, eins og fje, hafa glögt markeinkenni, er skráð sje í markaskrá sýslunnar. Komi hross fyrir með óglöggu marki eða skemdum eyrum, sem einhver vill helga sjer, þá gilda um það sömu reglur og fyrir er mælt í grein þessari um sauðfje með óglöggu marki.

50. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, er flust hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum á vorhreppaskilum fyrir hreppsnefndinni þar, sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda, áður 10 vikur eru af sumri, til hreppsnefnda og hreppstjóra í nálægum hreppum, innan sýslu og utan, þar sem helst eru fjársamgöngur. Þeir sem vanrækja þetta, eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að farið sje með fje þeirra sem óskilafje og sæti þar að auki sektum.

XIII. kaflí.

Um eftirlit og rekstur á slátrunar- og sölufje.

51. gr.

Hreppsnefndir skulu útnefna áreiðanlega eftirlitsmenn við öll markaðshöld á sauðfje í hreppi sínum. Skal þóknun fyrir starf eitirlitsmanna greiðast úr sveitarsjóði.

Ennfremur skal kaupmönnum og verslunarfjélagstjórum skylt að hafa áreiðanlega eftirlitsmenn við slátrun á öllum fjárrekstrum, sem af öðrum eru reknir til þeirra til slátrunar, og skulu eftirlitsmenn þessir hafa nákvæmar gætur á, að þeir sem með rekstra þessa koma, sjeu rjettir eigendur og umráðamenn fjárins.

Til þess að koma þessu í framkvæmd, skulu eftirlitsmenn skoða mark á hverri sauðkind, sem á markað er látin og til slátrunar. Komi fyrir kind við eftirlit þetta, sem eigandi eða umráðamaður reksturs ekki getur fært fullgildar sannanir fyrir eignarrjetti á, skal eftirlitsmaður skrifa upp kynferði, lit, aldur og mark kindarinnar og senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu þarum.

132

11. nóv.

Allur sá sauðfjenaður, sem rekinn er til slátrunar í kaupún, skal vera merktur skýru rekstrarmerki, er sje svo glögt að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi.

52. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minstur bagi verði að, þeim, er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal að rekstrar lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til, svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

53. gr.

Nú ber svo við, að öðru fje lendir saman við rekstur, skal þá strax á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fje úr rekstrinum, og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera; skal þá sem endranær, er viðstaða verður og rekstrarfjeð dreifir sjer til muna, telja rekstrarfjeð. Enginn, sem á bænum er viðstaddur og til þess er fær, má skorast undan að kauna rekstur ásamt rekstrarmönnum, og ber yfirmanni rekstrarins að greiða þóknun eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgang á hann að eigendum fjárens með þá borgur, ef honum hefir eigi sjálfum verið um að kenna. Sjá skulu rekstrarmenn um að fje það, er saman við hefir komið, komist í átthaga sína, eigendum kostnaðarlaust.

54. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því að hafa tekið fje annara í rekstur heimildarlaust, skal yfirmaður bæta eigendum það að fullu eftir samkomulagi, eða eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður kveður til þess, ef með þarf.

Sannist það, að slíkt hafi verið gjört af skeytingarleysi, varðar það auk þess sektum.

55. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávalt einn vera yfirmaður, er annast um, að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynni að kæra, en hann á aftur að ganga að rekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

XIV. kafli.

Almenn ákvæði.

56. gr.

Ef meiri hluti búenda í upprekstrarfjelagi samþykkir á almennum sveitarfundi, að setja vörð eða girðingu til að varna því, að stóðhross gangi á sumrum úr afrjettar- og fjall-löndum í búfjárhaga manna, skal hreppsnefnd eða hrepps-

nefndum upprekstrarfjelagsins í sameiningu heimilt, að setja reglur um slíkan vörð eða girðingar, þar sem nákvæmlega er mælt fyrir um alla tilhögun og fyrirkomulag varðarins eða girðingarinnar, og skal kostnaði, sem af þessu leiðir, jafnað niður á stóðhross upprekstrarfjelagsins, sem ber að reka á afrjett, og önnur hross, sem á afrjettina eru rekin. Skulu reglur þessar berast undir sýslunefnd til staðfestingar, ef sýslunefndin samþykkir þær, öðlast þær gildi, sem bindandi samþykkt fyrir hlutaðeigandi upprekstrarfjelög, um næstu 5 ár frá staðfestingardegi.

58. gr.

Skylt skal hreppsnefndum að stofna fjallskilasjóð, og færa árlegan reikning yfir allar tekjur hans og útgjöld næstliðið fardagaár, samkvæmt fyrirmynd, er sýslunefnd býr til. Skal hreppsnefndin hafa gert reikninginn fyrir 15. október ár hvert. Síðan skal reikningurinn ásamt fylgiskjöllum liggja hreppsþúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað til október mánaðarloka, og sendist síðan undirskrifaður af viðkomandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum til sýslunefndar, er sjer um rannsókn á honum og úrskurðar hann.

59. gr.

Eigi má svelta fjenað við fjárrjettir nje í rekstrum, frekar en minst verður hjá komist; eigi má heldur misþyrma honum á nokkurn hátt í fjallgöngum, rekstrum til heiðar, bæjarekstrum eða heimalandasmölun; sjerstaklega er bannað að hundbeita fjenað í rekstri eða smölun að óþörfu. Brot gegn þessu varði 5—50 kr. sekt, nema þyngri hegning liggi við.

60. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar 5—80 kr. sekt, nema þyngri hegning liggi við, eftir öðrum lögum. Skal uppljóstrarmaður, ef nokkur er, hljóta helming af sektarfjenu, en hinn helmingurinn falli í fjallskilasjóð hlutaðeigandi upprekstrarfjelags.

61. gr.

Með mál þau, sem rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál; þó má, ef hlutaðeigendur koma sjer saman um það, skjóta einstöku ágreiningsatriðum til endilegra úrslita sýslunefndarinnar.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 4. ágúst 1909.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1915.

Í stjórnarráði Íslands, 11. nóv. 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.